
Tillaga að breytingu á samþykktum og þingsköpum Fjórðungssambands Vestfirðinga.

65. Fjórðungsþing Vestfirðinga, haustþing, haldið í fjarfundi 9. og 10. október 2020 gerir tillögu að breytingu á samþykktum Fjórðungssambands Vestfirðinga sem hér segir (breytingar **feitiletraðar**)

10. gr. Fastanefndir

Á vegum Fjórðungssambands Vestfirðinga starfa **þrjár** fastanefndir, Fastanefnd um samgöngumál og fjarskipti, Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða og **Fjárhagsnefnd**.

Á Fjórðungsþingi skulu kosnir fulltrúar í þessar nefndir;

- í samgöngu- og fjarskiptanefnd skulu kjörnir fimm fulltrúar og fimm til vara. Formann nefndar um samgöngumál og fjarskipti skal kjósa sérstaklega úr hópi stjórnar sambandsins.
- í Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs skulu kjörnir fimm fulltrúar. Þrjú fulltrúar úr hópi aðalfulltrúa eða varafulltrúa sveitarstjórna á Vestfjörðum, þar af einn fulltrúi af norðanverðum Vestfjörðum, einn fulltrúi af sunnanverðum Vestfjörðum og einn fulltrúi af Ströndum/Reykholum. Tveir fulltrúar skulu koma utan Vestfjarða og verði valdir úr atvinnulífi, menningarlífi og rannsókna og háskólastofnunum

Kjórið skal í tvö fagráð sem fjalli um umsóknir áður en úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs fær umsóknir til afgreiðslu. Í fagráð menningar skulu kjörnir fjórir fulltrúar og í fagráð atvinnuþróunar, nýsköpunar og umhverfismála skulu kjörnir fjórir fulltrúar. Þrjú fulltrúar hvors fagráðs skulu kjörnir með tilliti til þess að einn fulltrúi komi af norðanverðum Vestfjörðum, einn fulltrúi af sunnanverðum Vestfjörðum, einn fulltrúi af Ströndum/Reykholum og einn utan Vestfjarða. Fulltrúar skulu koma úr atvinnulífi, menningarlífi og rannsókna og háskólastofnunum.

- í Fjárhagsnefnd skulu kjörnir fimm fulltrúar og fimm til vara. Úr hópi kjörinna aðalmanna skal kjósa formann Fjárhagsnefndar með sérstakri kosningu. **Fjárhagsnefnd skal vinna með stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga, framkvæmdastjóra Vestfjarðastofu og sviðstjóra byggðarmála hjá Vestfjarðastofu, að framlagningu fjárhagsáætlunar og endurskoðaðar fjárhagsáætlunar ár hvert.**

Greinargerð

Ályktun sem samþykkt var á 65. Fjórðungsþingi, vorþing.

Ályktun um fastanefnd

65. Fjórðungsþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið í fjarfundi ákveði að skipuð verði fjárhagsnefnd sem eina af fastanefndum sambandsins.

Samhliða verði fjárhagsáætlun og greining fjárhagslegra upplýsinga færð til samræmis við sveitarfélög þar sem fjárhagsáætlun er deildarskipt og frávik frá fjárhagsáætlun eru skilgreind með viðaukum við fjárhagsáætlun á sama hátt og sveitarfélög.

Greinargerð: Tilgangur fjárhagsnefndar milli þinga er að vinna með starfsfólki og stjórn Vestfjarðastofu að framlagningu fjárhagsáætlunar fyrir haustþing sambandsins.

Núverandi grein er sem hér segir;

10. gr. Fastanefndir

Á vegum Fjórðungssambands Vestfirðinga starfa þrjár fastanefndir, Fastanefnd um samgöngumál og fjarskipti og Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða.

Á Fjórðungsþingi skulu kosnir fulltrúar í þessar nefndir;

- í samgöngu- og fjarskiptanefnd skulu kjörnir fimm fulltrúar og fimm til vara. Formann nefndar um samgöngumál og fjarskipti skal kjósa sérstaklega úr hópi stjórnar sambandsins.

- í Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs skulu kjörnir fimm fulltrúar. Þrjár fulltrúar úr hópi aðalfulltrúa eða varafulltrúa sveitarstjórna á Vestfjörðum, þar af einn fulltrúi af norðanverðum Vestfjörðum, einn fulltrúi af sunnanverðum Vestfjörðum og einn fulltrúi af Ströndum/Reykhólum. Tveir fulltrúar skulu koma utan Vestfjarða og verði valdir úr atvinnulífi, menningarlífi og rannsókna og háskólastofnunum

- Kjörið skal í tvö fagráð sem fjalli um umsóknir áður en úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs fær umsóknir til afgreiðslu. Í fagráð menningar skulu kjörnir fjórir fulltrúar og í fagráð atvinnuþróunar, nýsköpunar og umhverfismála skulu kjörnir fjórir fulltrúar. Þrjár fulltrúar hvors fagráðs skulu kjörnir með tilliti til þess að einn fulltrúi komi af norðanverðum Vestfjörðum, einn fulltrúi af sunnanverðum Vestfjörðum, einn fulltrúi af Ströndum/Reykhólum og einn utan Vestfjarða. Fulltrúar skulu koma úr atvinnulífi, menningarlífi og rannsókna og háskólastofnunum.

Tillaga að breytingu á þingsköpum Fjórðungssambands Vestfirðinga.

65. Fjórðungsþing Vestfirðinga, haustþing, haldið í fjarfundi 9. og 10. október 2020 gerir tillögu að breytingu á þingsköpum Fjórðungssambands Vestfirðinga sem hér segir

6. gr.

Í upphafi haustþings skal kjósa eftirtaldar fastar nefndir: Fjórðungsmálanefnd og allsherjarnefnd. Málum skal, eftir eðli þeirra, vísað til þeirra nefnda en kjósa má fleiri nefndir ef þurfa þykir eða starfa í einni málstofu. Rísi ágreiningur um til hveurrar nefndar skuli vísað sker þingfundur úr. Á þingum, þegar kosningar fara fram, skal þingið kjósa fimm manna kjörnefnd sem gera skal tillögur að skipan stjórnar, varastjórnar, aðal- og varaendurskoðenda. Á dagskrá má taka mál, sem síðar koma, ef þingfundur leyfir.

Núverandi grein, breyting yfirstrikuð

6. gr.

Í upphafi haustþings skal kjósa eftirtaldar fastar nefndir: Fjórðungsmálanefnd, ~~fjármálanefnd~~ og allsherjarnefnd. Málum skal, eftir eðli þeirra, vísað til þeirra nefnda en kjósa má fleiri nefndir ef þurfa þykir eða starfa í einni málstofu. Rísi ágreiningur um til hveurrar nefndar skuli vísað sker þingfundur úr. Á þingum, þegar kosningar fara fram, skal þingið kjósa fimm manna kjörnefnd sem gera skal tillögur að skipan stjórnar, varastjórnar, aðal- og varaendurskoðenda. Á dagskrá má taka mál, sem síðar koma, ef þingfundur leyfir.